

Föstudaginn 23. janúar 1953.

Nr. 7/1952.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Félags  
járniðnaðarmanna vegna Kristins Á.  
Eiríkssonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarafélags  
járniðnaðarmanna vegna  
Vélsmiðjunnar Héðins h/f**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu  
dómendur.**

Atvinnurekandi dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot á 4. gr. laga nr. 80/1938 og til þess að greiða skaðabætur til starfsmanns, sem sagt var upp störfum.

#### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 2. okt. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík vegna Kristins Ág. Eiríkssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarafélags járniðnaðarmanna í Reykjavík vegna Vélsmiðjunnar Héðins h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- A. 1) Að dæmt verði, að stefndi hafi með fyrirvaralausri brottvikningu Kristins Ág. Eiríkssonar úr vinnu hinn 8. september s.l. brotið 4. gr. laga nr. 80/1938.
- 2) Að stefndi verði fyrir nefnt brot dæmdur til að greiða hæfilega sekt samkvæmt 70. gr. sömu laga.
- B. Að dæmt verði, að stefndi hafi með því að taka ekki Kristin Ág. Eiríksson strax í vinnu, er þess var krafizt, brotið 10. gr. kjarasamnings frá 10. des. 1947.
- C. Að stefnda verði dæmt skylt að taka Kristinn Ág. Eiríksson nú þegar í vinnu og greiða honum fullt kaup samkvæmt kjarasamningum aðilja frá og með 23. sept. s.l., þar til hann hefur verið tekinn í vinnuna.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu að öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst hann þess, að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda, vegna Kristins Ág. Eiríkssonar, kaup til 10. október f. á.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

#### **Tildrög málsins og málavextir.**

Vélsmiðjan Héðinn h/f í Reykjavík hefur í þjónustu sinni margt starfsmanna, sem eru í Félagi járníðnaðarmanna í Reykjavík. Meðal þeirra, sem störfuðu þar í byrjun s.l. septembermánaðar voru Snorri Jónsson, formaður félagsins, sem starfað hefur hjá vélsmiðjunni í samfleytt 17 ár. Ennfremur vann þar varaformaður félagsins, Kristinn Ágúst Eiríksson, sem einnig hefur starfað hjá vélsmiðjunni í um það bil 14 ár. Trúnaðarmaður járníðnaðarmannafélagsins í vélsmiðjunni var Jónas Hallgrímsson.

Forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f var framkvæmdastjóri Iðnsýningar þeirrar, sem haldin var s.l. haust, og sá um undirbúning hennar. Að sögn hans var svo margt ógert að morgni föstudagsins 5. september s.l., að ljóst var, að ekki yrði hægt að opna sýninguna hinn 6. s. m., eins og ráðgert hafði verið, nema gripið yrði til sérstakra ráðstafana. Af því tilefni átti framkvæmdastjórinn tal við verkstjóra í Vélsmiðjunni Héðni h/f og varð það úr, að um 20 menn þaðan fóru til vinnu við undirbúning sýningarinnar. Unnu þeir þar frá því um hádegi á föstudag 5. sept. s.l. alla aðfaranótt laugardagsins 6. sept. og eitthvað fram á laugardaginn. Ekki liggur fyrir í máli þessu, hvort menn þessir voru allir járníðnaðarmenn en störf þau, sem þeir unnu við undirbúning sýningarinnar voru ekki járníðnaðarvinna.

Samkvæmt 3. gr. kjarasamnings, dags. 10. des. 1947, mega járníðnaðarmenn ekki vinna dagvinnu næsta dag, ef þeir hafa unnið heila nótt. Ákvæði þessu hefur þó ekki verið framfylgt bókstaflega, en ágreiningslaust er, að það sé föst regla, að atvinnurekandi sækir um leyfi til dagvinnu fyrir þá starfsmenn, sem unnið hafa alla nóttina.

Jónas Hallgrímsson, trúnaðarmaður Félags járníðnaðar-

manna í Héðni, hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að nokkrir starfsbræður sínir í Héðni hafi fundið að því nefndan laugardagsmorgun, að járníðnaðarmenn ynnu þann dag, þótt þeir hefðu unnið alla nóttina, og jafnframt spurzt fyrir um það, hvort sótt hefði verið um leyfi til þess, eins og venjulegt væri í slíkum tilfellum. Ekki er ljóst, hvort trúnaðarmaðurinn hefur snúið sér til verkstjóranna út af þessu þennan sama morgun, en hann kveðst hafa skýrt formanni félagsins, Snorra Jónssyni, frá þessari umkvörtun klukkan að ganga 11 þenna sama morgun, enda var honum það skylt samkv. 10. gr. laga nr. 80/1938, ef hann taldi að um samningsbrot væri að ræða. Ljóst er, að sá orðrómur hefur komizt á kreik meðal starfsmanna í Héðni, að forráðamenn járníðnaðarmannafélagsins myndu ætla að láta menn þá, sem unnu nefnda næturvinnu og næsta dag, sæta einhverjum félagslegum aga, „hýrudrætti“. En ekkert er fram komið um það, að forráðamenn járníðnaðarmannafélagsins hafi áformað þesskonar aðgerðir gagnvart nefndum félagsmönnum.

Hinn 8. sept. s.l. gerðist svo það, að forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f sagði þremur járníðnaðarmönnum upp störfum frá þeim degi að telja. Menn þessir voru, Jónas Hallgrímsson, trúnaðarmaður félagsins, Snorri Jónsson, formaður járníðnaðarmannafélagsins og Kristinn Ágúst Eiríksson varaformaður sama félags. Engar ástæður voru greindar í uppsögn þessari, en henni fylgdi hálfsmánaðar kaup, auk þess kaups, er menn þessir áttu þá inni hjá vélsmiðjunni, en uppsagnarfrestur samkvæmt gildandi kjarasamningi, er hálfur mánuður. Var beint tekið fram í uppsagnarbréfinu, að þess væri óskað, að vinnu viðkomandi manna hjá vélsmiðjunni væri þegar lokið.

Félag járníðnaðarmanna brá skjótt við til andófs uppsögnum þessum. Var haldinn fundur í félaginu 9. sept. og þar samþykkt mótmæli gegn uppsögn þremmenninganna og þess krafizt, að þeir yrðu teknir í vinnu aftur. Ennfremur kaus fundurinn tvo félagsmenn til þess að flytja mál þetta við forstjóra vélsmiðjunnar og fá hjá honum frekari skýringu á uppsögnunum. Menn þessir, sem áttu tal við for-

stjórann 12. og 14. september, segja, að hann hafi ekki viljað skýra þeim frá ástæðum sínum fyrir uppsögnunum, en talið að hann mundi ræða það við menn þá, er upp var sagt, ef þeir óskuðu þess. Hafi hann í fyrstu algerlega neitað að taka nokkurn þeirra til vinnu aftur, en síðan hafi hann boðizt til að sýna járniðnaðarmannafélaginu þann velvilja að taka einhvern einn þeirra aftur. Hinn 14. september áttu þeir Snorri og Kristinn viðtal við forstjórann og spurðust fyrir um ástæður hans fyrir uppsögninni. Heldur Kristinn því fram, að forstjórinn hafi látið svo um mælt, „að yfir honum væri áróðurs blær eins og þessum kommúnistum!“ Þessu hefur forstjórinn eindregið mótmælt, og er það ósannað. Auk járniðnaðarmannafélagsins lét stjórn Alþýðusambands Íslands og Fulltrúaráð verklyðsfélaganna í Reykjavík þetta mál til sín taka. Átti framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins ásamt öðrum manni viðtal við forstjórann í því skyni að fá hann til þess að taka mennina aftur. Sömu erinda fór Sæmundur Ólafsson, þáverandi formaður fulltrúaráðsins. Munu þeir hafa fengið þau svör, að til mála gæti komið að taka einhvern mannanna aftur. Sæmundur Ólafsson kveður í skýrslu sinni um för sína til forstjórans, að hann (forstjórinn) hafi talið stjórnsmálaskoðanir þremminganna aðalástæðuna fyrir því, að hann vildi ekki taka þá í vinnu aftur, þar sem þeir væru allir kommúnistar. Gegn eindreginni neitun forstjórans er þessi staðhæfing formanns fulltrúaráðsins ekki sönnuð.

Dagblaðið Þjóðviljinn skýrði frá framangreindum uppsögnum föstudaginn 12. september. Í tilefni af því birti forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f skýrslu um málefnið í Morgunblaðinu 13. s. m. Í skýrslu þessari kveðst forstjórinn fyrir löngu hafa ætlað sér að segja þessum mönnum upp, þar sem hann hafi talið fyrirtækinu það fyrir beztu og hafi það því verið „ástæður, sem vörðuðu vinnu mannanna, sem gerðu það að verkum“, að þeim var sagt upp. En þótt þessi væri ástæðan, þá kveður hann að gerzt hafi atburður, sem minnti hann á fyrri ákvörðun sína. Skýrir hann síðan frá því, að fengnir hafi verið menn úr Vélsmiðjunni Héðni til vinnu við undirbúning Iðnsýningarinnar, svo sem að framan er

rakið. Síðan segir hann, að aðalverkstjóra Héðins h/f á laugardagsmorguninn verið tilkynnt, að mennirnir úr Héðni hefðu ekki rétt til þess samkvæmt samningum að vinna á laugardaginn (þ. e. 6. sept. s.l.), þar sem þeir höfðu unnið alla nóttina, og þess verið krafizt, að þeir hættu vinnu þegar í stað. Hafi því og verið bætt við, að kaup þeirra fyrir laugardagsvinnuna yrði tekið af þeim. Jafnframt kveður forstjórinn í grein þessari, að einstakir menn, sem unnu við sýninguna hafi fengið sams konar hótanir. Enn segir hann svo: „Ég býst við, að flestir skilji, að mér þótti það meira en lítið miður, að menn, sem höfðu hlaupið undir bagga við sýninguna þegar mest lá á og fyrir mín orð, skyldu verða fyrir svo harkalegum árásum. Mér þótti þetta framferði því meira óþolandi o. s. frv.“

Næsta dag, 14. sept. s.l., kom aftur grein um málið í Þjóðviljanum eftir Snorra Jónsson. Mótmælir Snorri þar, að hann eða Kristinn Eiríksson hafi á nokkurn hátt haft afskipti af mönnum þeim, er unnu að undirbúningi Iðnsýningarinnar. Þessari staðhæfingu Snorra svarar forstjórinn m. a. á þessa leið í Morgunblaðinu 16. s. m.: „Út af staðhæfingu Snorra . . . að enginn þeirra þremmenninganna hafi haft afskipti af vinnunni fyrir Iðnsýninguna, þá er það rangt. Það er sannanlegt, að af hálfu þessara manna voru viðhafðar hótanir um kaupmissi og annað því um líkt við einstaka járnsmiði . . . Það er einnig beinlínis viðurkennt . . . að einn af þremmenningunum hafi mótmælt vinnunni sem samningsbroti við yfirverkstjóra Héðins“.

Viðtöl þau, sem framangreindir forráðamenn verkklýðsamtakanna áttu við forstjóra Vélsmiðjunnar Héðins leiddu til þess, að trúnaðarmaðurinn Jónas Hallgrímsson var á ný tekinn í þjónustu vélsmiðjunnar. Mun það hafa verið um 20. september f. á. Hins vegar reyndist forstjórinn ófáanlegur til þess að taka þá Snorra Jónsson og Kristinn Ágúst Eiríksson aftur í þjónustu vélsmiðjunnar. Stéttarfélag þeirra höfðaði þá mál gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f fyrir hvorn um sig, og eru dómkröfur þess vegna Kristins Ágústs Eiríkssonar þær, sem að framan greinir.

### A. Refsikrafan.

Stefnandi styður þessa kröfu sína þeim rökum, að Vélsmiðjan Héðinn h/f hafi með framangreindri uppsögn Kristins Ág. Eiríkssonar og félaga hans, gerzt brotleg við 4. gr. laga nr. 80/1938. Þá staðhæfingu sína reisir hann á þeim grundvelli, að hér hafi verið um forustumenn stéttarfélags að ræða, og séu það fyrst og fremst tvö atriði, sem uppsögninni hafi valdið. Í fyrsta lagi hafi það verið sú hugmynd forstjórans, að Kristinn hafi haft afskipti af vinnu þeirra Héðinsmanna, sem unnu að framangreindum undirbúningi að Iðnsýningunni, og í öðru lagi hafi uppsögnin átt rætur sínar að rekja til stjórnmalaskoðana Kristins og þeirra beggja starfsbræðra hans, sem sagt var upp um leið. Hvað undirbúning að Iðnsýningunni snerti, hafi Kristinn reyndar ekki haft nein afskipti af honum, enda þótt forstjóri Héðins hafi haldið það. En þótt svo hefði verið, þá hefði þar aðeins verið um að ræða eðlileg og sjálfsögð afskipti stjórnarnefndarmanns af málefnum félags síns, sem ekki hefðu á neinn hátt getað réttlætt uppsögn hans. En með því að láta slík félagsmálastörf varða uppsögn hafi stefndi einmitt gerzt sekur um það, að reyna að hafa áhrif á afskipti verkamanna af málefnum stéttarfélags þeirra, og með þeim hætti, að varði við 4. gr. nefndra laga.

Stefndi, sem krafizt hefur algerrar sýknu af refsikröfunni, hefur eindregið mótmælt því, að stjórnmalaskoðanir Kristins eða þeirra Jónasar og Snorra hafi á nokkurn hátt valdið því, að þeim var sagt upp 8. sept. s.l. Kveðst hann alls ekki hafa vitað, hvar í flokki Kristinn og Jónas stóðu um stjórnmalaskoðanir, en hins vegar hafi hann að vísu vitað, að Snorri var socialisti. Hafi sér aldrei til hugar komið að láta stjórnmalaskoðanir þeirra ráða nokkru um afstöðu sína til starfs þeirra í vélsmiðjunni. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að uppsögnin hafi átt rætur sínar að rekja til afskipta Kristins af mönnum þeim, sem unnu að undirbúningi Iðnsýningarinnar, enda hafi þau að hans hyggju engin verið. Kveður hann uppsögn Kristins aðeins hafa stafað af því, að hann hafi af ýmsum ástæðum talið vélsmiðjunni það fyrir beztu, að Kristinn væri ekki í hópi starfsmanna hennar, og hefði hann

reyndar fyrir löngu síðan ákveðið að segja honum upp, þótt ekki yrði af því fyrr en nú. Hefur stefndi í því sambandi tilgreint atvik, sem áttu sér stað árið 1949, en voru þó óviðkomandi starfi hans hjá vélsmiðjunni. Þá kveður stefndi, að atvinnurekanda sé að sjálfsögðu í sjálfsvald sett, hvort eða hvenær hann segi upp verkamönnum sínum. Og þar sem Kristinn hafi fengið kaup fyrir þann tíma, sem svari til umsamans uppsagnarfrests, geti hann ekki komið fram með neinar réttmætar kærur eða kröfur út af uppsögninni og varaformannsstaða hans sem slík geti ekki gert uppsögnina ólögmeta.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að háttsemi Kristins, fyrr né síðar, hafi á nokkurn hátt getað réttlætt uppsögn úr starfi, og sé hér um tylliástæðu eina að ræða af hálfu stefnda.

Verður þá tekið til athugunar hvað upp er komið í málinu um tildrög og tilefni uppsagnarinnar.

Það verður ekki talið sennilegt, að hin snögga og fyrirvaralaus uppsögn 8. sept. f. á. hafi eingöngu átt rót sína að rekja til þeirra ástæðna, er stefndi hefur haldið fram hér fyrir dómi. Ekki þykir heldur sannað, að stjórnmalaskoðanir Kristins hafi ráðið úrslitum um hana.

Hér fyrir dómi hefur forstjóri stefndu haldið því fram, að hann hafi ekki vitað til þess, að Kristinn hafi haft nein afskipti á vegum félags síns af mönnum þeim, sem unnu að undirbúningi Iðnsýningarinnar, og hafi slík afskipti því, þegar af þeirri ástæðu, ekki getað verið orsök uppsagnarinnar. En þegar litið er til þeirra skýrslna stefnda, sem að framan eru greindar og birtust opinberlega, áður en til þessarar málssóknar kom, er ljóst, að þeir þremmenningarnir, sem upp var sagt samtímis, Kristinn Ág. Eiríksson, Snorri Jónsson og Jónas Hallgrímsson, eru allir undir sama hatti í huga hans, hvað viðkemur afskiptum af Iðnsýningunni. Hið sama kemur í ljós í viðræðum forstjóra vélsmiðjunnar við forustumenn verklýðsfélaganna, er þeir reyndu, eins og að framan er greint, að fá hann til þess að breyta ákvörðun sinni um uppsögn þremmenninganna. Þá lætur hann í það skína, að hann mundi ef til vill, til sam-

komulags, fánlegur til þess að taka einn mannanna aftur, án tillits til þess, hver þeirra það væri. Mátti honum þó vera það ljóst, að Jónas Hallgrímsson naut sem trúnaðarmaður félags síns á vinnustað sérstakrar verndar gegn uppsögn samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938.

Það verður því með vísun til þess, sem að framan er rakið um undirbúning Iðnsýningarinnar og skýrslur forstjóra Vélsmiðjunnar Héðins h/f í því sambandi, að telja sannað, að megin orsök uppsagnarinnar hafi verið sú hugmynd forstjórans, rétt eða röng, að Kristinn, Jónas Hallgrímsson og Snorri Jónsson hafi verið með afskiptasemi af hálfu stéttarfélags síns út af vinnu þeirra manna úr Vélsmiðjunni Héðni, sem að nefndum undirbúningi unnu.

Í 4. gr. laga nr. 80/1938 segir m. a., að atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á afstöðu og afskipti verkamanna sinna af stéttarfélögum með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn.

Framangreind uppsögn var til þess fallin að hafa áhrif á afskipti verkamanna stefnda af málefnum stéttarfélags þeirra. Varðar uppsögn Kristins Eiríkssonar 8. sept. f. á því við tilvitnuð lagaákvæði, og ber samkvæmt 70. grein sömu laga að dæma stefnda til greiðslu fjársektar í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 1200.00.

#### **B. Krafa vegna brots á 10. gr. kjarasamningsins.**

Í 10. gr. kjarasamnings milli Félags járníðnaðarmanna og Meistarafélags járníðnaðarmanna, dags. 10. júlí 1947, segir, að vinnuveitendur skuldbindi sig til þess að láta „meðlimi Félags járníðnaðarmanna hafa forgangsrétt að allri járníðnaðarvinnu, sem þeir hafa yfir að ráða“.

Hinn 20. september f. á. krafðist Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík þess bréflaga með skírskotun til 10. gr. nefndsamnings, að Vélsmiðjan Héðinn h/f, sem er félagi í Meistarafélaginu, tæki aftur í vinnu þá Kristinn Ág. Eiríksson og Snorra Jónsson, frá og með 23. s. m., þar sem þeir væru atvinnulausir, „en hjá yður eru í járnsmíðavinnu margir menn, sem ekki eru meðlimir félags okkar“. Kvaðst félagið



ella mundu krefjast kaups vegna nefndra manna frá þeim degi, þar til þeir yrðu teknir í vinnu á ný. Stefndi sinni þessu ekki, og hefur stefnandi nú gert þá kröfu í máli þessu, að dæmt verði, að stefndi hafi gerzt brotlegur við nefnda grein samningsins, sbr. 3. lið dómkrafna hans.

Stefndi hefur mótmælt því, að hafa gerzt brotlegur við nefnt samningsákvæði. Heldur hann því fram, að eftir 22. sept. f. á. hafi aðeins félagsmenn í Félagi járniðnaðarmanna unnið að járniðnaðarvinnu hjá sér, að undanskildum nemendum í þeirri iðn, en þá kveður hann sér heimila til slíkrar vinnu.

Stefnandi hefur andmælt því, að sumir þeirra manna, sem stefndi telur sig hafa gert námssamning við, séu raunverulegir nemendur. Heldur hann því fram, að stefndi hafi, eftir að þeim Snorra og Kristni var sagt upp, „hlaupið til“ og gert svokallaða námssamninga við ýmsa verkamenn, sem hjá honum vinni, til þess að geta í orði kveðnu haldið því fram, að ekki væri að ræða um samningsbrot af hans hálfu, þótt hann léti verkamenn vinna járniðnaðarvinnu. Jafnframt heldur stefnandi því fram, að enda þótt svo yrði litið á, að hér væri um raunverulega nemendur að ræða, þá væri stefnda allt að einu óheimilt að láta þá (nemendurna) sitja fyrir járniðnaðarvinnu, ef félagsmenn í Félagi járniðnaðarmanna gengju atvinnulausir. Nú hafi þeir Kristinn og Snorri verið atvinnulausir síðan þeim var sagt upp, og stefndi þannig brotið umrætt forgangsréttarákvæði.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þeim staðhæfingum stefnanda, að ekki sé um raunverulega námssamninga að ræða við þá menn, sem hann hefur gert samning við, og jafnframt mótmælir hann þeim skilningi stefnanda, að forgangsréttarákvæði nefnds kjarasamnings takmarki á nokkurn hátt rétt hans til þess að taka nemendur, eða láta þá vinna járniðnaðarvinnu, þótt einhverjir félagsmenn stefnanda séu án atvinnu.

Það er uppkomið í máli þessu, að Vélsmiðjan Héðinn h/f hefur gefið verkamönnum, sem lengi hafa unnið hjá hlutfélaginu sem aðstoðarmenn í járniðnaðarvinnu, kost á því að gerast nemendur í þeirri iðn. Hefur félagið með ýmsum

hætti skapað þeim hagræði um aðstöðu til fullnaðarnáms, og eru sumir þessara manna komnir meira til aldurs en almennt gerist um nemendur í iðngreinum. Þessi fyrirgreiðsla stefnanda hófst fyrir um það bil 4 árum, og eru þeir þessara manna, sem þá byrjuðu nám, sagðir um það bil að ljúka því, og sumir þeirra eru þegar taldir hafa lokið námi. Eftir að til ágreinings kom með aðiljum máls þessa í septembermánuði s.l., hófst stefndi handa um það að senda til Iðnfræðsluráðs, til staðfestingar samkvæmt iðnaðarnámslögum, námssamninga þessarar tegundar, sem dagsettir eru fyrr á því ári, og jafnframt gerði hann í október og nóvembermánuði s.l. námssamninga við nokkra verkamenn, sem lengi hafa starfað í þjónustu hans.

Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um aðstöðu til járníðnaðarnáms í Vélsmiðjunni Héðni h/f og framkvæmd þessara mála hjá nefndri vélsmiðju, verður ekki fallizt á þá skoðun stefnda, að hér sé aðeins um málamyndar gerninga að ræða, sem ætlað sé það eitt hlutverk, að skapa stefnda möguleika til þess að komast í kring um ákvæði oftnefndrar 10. gr. kjarasamningsins. Ekki hafa af hálfu stefnanda verið leidd rök að því, að ákvæði 10. gr. nefnds samnings feli í sér takmarkanir á rétti meistara í járníðnaði til þess að taka sér nemendur. Og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að stefndi hafi látið þá menn, er hann hafði gert námssamning við, vinna önnur verk í iðninni en þau, sem eðlilegt var með tilliti til náms þeirra, verður ekki talið, að vinna þeirra eftir að námssamningur var gerður við þá hafi brotið í bág við 10. gr. kjarasamnings aðilja.

Geta má þess, að eftir að mál þetta var tekið til dóms, samþykkti Iðnfræðsluráð umrædda námssamninga. Komu gögn um það fram í máli þessu, er dómurinn ákvað samkvæmt 56. gr. laga nr. 80/1938 að gefa aðiljum færi á að afla frekari gagna um vinnu manna, sem ekki voru taldir nemendur.

Auk þess ágreinings, sem er milli aðilja máls þessa um það, hvort framangreind nemendavinna hafi verið brot á kjarasamningi þeirra, deila þeir einnig um það efni, hvort

fáeinir menn aðrir í þjónustu stefnda hafi andstætt oftnefndu ákvæði 10. gr. kjarasamningsins unnið störf, sem félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna áttu forgangsrétt til. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, er ekki sannað, að vinna þessara manna hafi verið brot á forgangsréttarákvæðinu. Vafi getur þó leikið á um tvo þeirra. Annar þeirra vann við rafsúðu á Keflavíkurflugvelli um mánaðamótin september—október f. á., en hinn, sem er vélstjóri, vann við vélar í skipum m. a. á tímabilinu frá 22. sept. til 7. nóv. f. á., en frá þeim tíma hefur hann samkvæmt fyrirmælum verkstjóra stefnda, aðeins unnið venjulega verkamannavinnu. Störf hans við vélarinnar voru í því fólgin, að taka þær í sundur, hreinsa og setja saman á ný. En þar sem úrlausn þess atriðis, hvort vinna þessara manna hafi verið ósamrýmanleg 10. gr., getur ekki, samkvæmt því er síðar greinir, orkað á afstöðu dómsins til kröfu stefnanda, að stefndi taki Kristinn aftur í vinnu, né heldur í þessu máli ráðið úrslitum um skyldu til fébóta eða endanlega fjárhæð þeirra, þykir ekki nauðsyn bera til að kanna frekar, hvernig vinnu þessara tveggja manna var háttáð á tilgreindum tíma.

**C. Krafa stefnanda um að Kristinn Ág. Eiríksson verði aftur tekinn í vinnu og skaðabótakrafan.**

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka Kristinn Ág. Eiríksson aftur í vinnu og greiða honum auk þess kaup frá 22. sept. f. á., er uppsagnarfresti lauk, til þess tíma er stefndi taki hann í vinnu á ný. Nemur kaupkrafa hans frá 22. sept. f. á. til 10. þ. m. alls kr. 11578.80. Þessi kröfugerð er þeim rökum studd, að uppsögnin 8. sept. f. á. hafi bæði verið lögbrot og brot á þágildandi kjarasamningi málsaðilja. Þá heldur stefndi því og fram, að enda þótt svo yrði litið á, að stefnda væri ekki skylt að taka Kristinn aftur í vinnu, þá sé honum allt að einu skylt að greiða honum (Kristni) skaðabætur. Telur stefnandi samkvæmt þessu, að Kristinn eigi, auk bóta fyrir brot á 10. gr. kjarasamningsins, einnig rétt til sérstakra bóta vegna hinnar ólög-mætu uppsagnar, sem spillt hafi stórum atvinnumöguleikum hans, og þannig valdið honum tjóni.

Stefndi hefur mótmælt því, að honum sé skylt að taka Kristinn aftur í þjónustu sína. Kveður hann þar engu máli skipta, hvort uppsögnin hafi varðað við lög eða verið brot á kjarasamningi. Og þar sem Kristinn hafi fengið kaup þann tíma, er svari til umsamins uppsagnarfrests, eigi hann ekki rétt til frekari bóta, enda hafi honum verið í lófa lagið að fá sér atvinnu annarsstaðar. Uppsögnin hafi ekki heldur haft í för með sér fyrir hann önnur eða meiri óþægindi en almennt gerist um uppsagnir úr vinnu. Að því er forgangsréttarákvæðið snertir, hefur stefndi gert þá varakröfu, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða Kristni kaup til 10. október f. á., ef talið yrði, að nafngreindur verkamaður hefði á tímabilinu 22. sept. til 10. október f. á. unnið að þeim störfum, að andstætt væri ákvæðum 10. gr. oftnefnds kjarasamnings.

Samkvæmt grundvallarreglum íslenzks réttar, er vinnuveitenda ekki skylt að taka eða hafa í þjónustu sinni menn, sem þeir ekki vilja sem starfsmenn sína. Það verður ekki talið, að sérstök lagafyrirmæli skyldi stefnda til þess að taka Kristinn Ág. Eiríksson í vinnu og slík skylda verður ekki leidd af ákvæðum kjarasamnings málsaðilja. Ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Með framangreindri uppsögn Kristins Ág. Eiríkssonar, sem varðar, svo sem áður segir, við refsíákvæði laga, var högum hans raskað með ólöglegum hætti. Verður því að telja, að hann eigi rétt til nokkurra bóta úr hendi stefnda. Með hliðsjón af því, að Kristinn virðist lítt hafa aðhafst til þess að fá vinnu á ný, eftir að hann lét af starfi hjá stefnda, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 6000.00. Er þá haft í huga, að það mundi ekki hafa orkað til hækkunar á fjárhæð þessa, þótt vinna sú, er vafi leikur á um, samkvæmt því, sem greint er í niðurlagi B-kafla dómsins, hefði verið brot á 10. gr. kjarasamningsins.

Vaxta hefur ekki verið krafizt.

Samkvæmt þessum málsúrslitum, ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

**Dómsorð:**

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði kr. 1200.00 sekt í ríkissjóð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna Vélsmiðjunnar Héðins h/f, greiði stefnanda, Alpýðusambandi Íslands f. h. Félagssambands járníðnaðarmanna vegna Kristins Ág. Eiríkssonar, kr. 6000.00 og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.**

Forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f hefur afdráttarlaust neitað því, að hann hafi með uppsögn þeirri, er í málinu greinir, viljað hafa nokkur áhrif á stjórnmalaskoðanir Kristins Ágústss Eiríkssonar eða á afstöðu hans og afskipti af stéttarfélagi hans eða störfum fyrir það. Hefur forstjórinn lýst því fyrir Félagsdómi, að honum hafi með öllu verið ókunnugt um stjórnmalaskoðanir Kristins Ágústss Eiríkssonar og ekki hafi hann heldur vitað um kosningu hans sem varaformanns í félagi járníðnaðarmanna.

Kristinn Ágúst Eiríksson hefur lýst því, að hann sé ekki í neinu stjórnmalafélagi og í aðiljaskýrslu, sem hann gaf Félagsdómi kom ekkert fram, sem benti til þess, að forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins hefði nokkru sinni reynt að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir hans eða á afstöðu hans og afskipti af Félagi járníðnaðarmanna. Er þó sannað í málinu, að Kristinn hefur um 14 ára skeið starfað í þjónustu Vélsmiðjunnar Héðins h/f.

Samkvæmt 2. grein í kjarasamningi járníðnaðarmanna frá 10. desember 1947 er uppsagnarfrestur starfsmanna 2 vikur. Þegar Vélsmiðjan Héðinn h/f sagði Kristni Ág. Eiríkssyni upp starfi 8. sept. 1952 var honum greitt tveggja vikna kaup, svo sem áminnt samningsákvæði tilskilur. Uppsögnin var þannig í fullu samræmi við gildandi kjarasamning og verður á engan hátt séð, að hún hafi brotið í bága við 4. gr. laga nr. 80, 1938.

Samkvæmt þessu tel ég að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda, en tel rétt, að málskostnaður falli niður.

**Sératkvæði Helga Hannessonar.**

Ég tel, að ákvæði 10. gr. í kjarasamningi aðilja feli í sér skyldu fyrir stefnda til þess að taka og hafa í þjónustu sinni tiltekna félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna.

Þá tel ég og, að taka beri bótakröfu stefnanda að fullu til greina og er því ósamþykktur dóminum um þessi atriði.